

Ed.

63. Frumvarp

til laga um meðferð á því fje, sem landssjóði áskotnast fyrir áfengi.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

Allur sá gróði, sem verða kann af verslun landsins með vinanda, hverju nafni sem nefnist, lögmæltir tollar af áfengi, andvirði fyrir óleyfilega innflutt áfengi, sem landið kann að selja erlendis, skal renna í sjerstakan sjóð, er nefnist »Menningarsjóður Íslands«. Í þennan sjóð renna enn fremur sektir fyrir óleyfilegan innflutning áfengis og vitaverða sölu eða nautn áfengis, hvar sem er á landinu.

2. gr.

Stjórn Menningarsjóðs Íslands skipa þrjú menn, kosnir með blutbundnum kosningum í sameinuðu Alþingi til tveggja ára í senn. Stjórn sjóðsins starfar endurgjaldslaust.

3. gr.

Í lok hvers árs skiftir nefndin fje því, er sjóðnum hefir áskotnast, eins og hjer segir: 20% renna í sjerstakan sjóð, er nefnist áfengissjóður, og gilda um hann sjerstök fyrirmæli, 10% renna í sjóð Eggerts Ólafssonar til eflingar náttúruvísindum, 10% til Þjóðvinafélagsins, og skal það verja fjenu til að gefa út á íslensku úrvals fræði- og skemtibækur í ódýrum útgáfum, 10% til að kaupa landinu til handa listaverk eftir íslenska listamenn. Síðustu 50% má eingöngu verja til að koma upp nauðsynlegum alþýðuskólum til sveita og styrkja tvær íþróttastöðvar, aðra við Reykjavík, hina í snjóahjeruðum norðan eða austanlands.

4. gr.

Yfir þrem fyrstnefndu fjárhæðunum í 3. gr. ráða sjerstakar nefndir, stjórn áfengissjóðsins, stjórn Eggerts Ólafssonar sjóðsins og stjórn Þjóðvinafélagsins. En stjórn Menningarsjóðsins ráðstafar því fje, sem verja skal til listaverkakaupa og skólabygginga.

5. gr.

Endurskoðendur landsreikninganna rannsaka og úrskurða árlega alla reikninga Menningarsjóðs Íslands, og skulu þeir síðan birtir í landsreikningnum.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt eru úr gildi numin öll eldri lög, þar sem öðruvísi er fyrir mælt um fje, er landinu áskotnast fyrir áfengi eða í sektir vegna áfengis.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er, óskar mikill meiri hluti Íslensku þjóðarinnar einbuga eftir að áfengisnautn hverfi gersamlega úr landinu. Svo ríkur hefir þessi vilji þjóðarinnar verið, að nálega engir þingmenn hafa náð kosningu hin síðari ár, nema þeir hafi annaðhvort heitið bannhugmyndinni stuðningi eða a. m. k. velviljuðu hlutleysi.

Ytri kríngumstæðnr hafa valdið því, að hugsjón bannmanna hefir ekki náð að rætast. Meiri hluti lækna stjettarinnar krafðist að fá óhindraðan aðgang að alls konar áfengi til lækninga. Þetta var veitt. Flestallir mestu lækna landsins nota þessa heimild næsta lítið. En einstaka menn í stjettinni hafa notað leyfið svo ósleitilega, að landið hefir hin síðustu ár haft töluverðar tekjur af innflutningi áfengis, meðfram vegna þessara lækna. Þar við bættist, að í fyrra vetur hallaðist mikill hluti þings að því að leyfa innflutning á ljettum suðrænum vínunum, og virðist alt útlit fyrir, að þeirri byrjun verði haldið áfram, að minsta kosti um nokkur ár. En þessi breyting var ekki gerð til að afa landinu tekna með áfengisverslun, heldur vegna fiskútflutjenda, sem töldu atvinnu sína í voða, ef ekki væri látið undan kröfum Spánverja. Af þessu fær landið því nokkurn tekjuauka, sem alls ekki var verið að seilast eftir, heldur er afleiðing annara aðgerða, sem taldar eru bjargráð við líf og fjármuni. Í þriðja lagi er árlega töluvert af víni gert upptækt hjer við land og hjer á landi, sem verið er að lauma ion til neyslu í forboði landslaganna. Andvirði þessa áfengis og sektir fyrir lögbrotin eru enn ein tekjulind landssjóðs af áfengi, sem enginn Íslendingur hefir óskað eftir.

Hugur þjóðarinnar er enn óbreyttur viðvíkjandi vinnbólinu. Algerð útrýming áfengisins úr landinu verður eftir sem áður skilyrðislaus krafa bannmanna, hve nær sem ljettir hinni erlendu kúgun, sem nú um stund ræður málalokum. Frá bannmanna sjónarmiði er því að eins um tvennar aðgerðir að ræða:

1. Að halda vinnbólinu í skefjum og bæta sem mest úr afleiðingum þess, meðan vinsala er leyfð hjer á landi.
2. Að láta ekki stundargróða landssjóðs, sem leiðir af innflutningi víns, verða til að hindra fullkomna framkvæmd bannlaga, þegar unt verður að gera þá breytingu sökum breyttrar aðstöðu erlendra þjóða.

Ef vikið er fyrst að síðara atriðinu, er mikil hætta á því, að svo fram-
arlega sem tollur af vinföngum og gróði af áfengisverslun yrði venjulegur eyðslu-
eyrir þings og stjórnar, gengi til starfsmannabalds eða vaxta af skuldum, myndi
verða erfitt að hætta alt í einu við innflutning og sölu vína hjer á landi. Þörf
landssjóðs myndi verða hindrun slíkri breytingu, þótt þjóðin hjeldi fast við sína

fyrri kröfu. Vínfangatollnrinn var einhver helsta bindrnn á leið bannlaganna, þegar þau voru fyrst gerð hjer á landi, og svo hefir viðar verið.

Hjer er gert ráð fyrir, að verja megi ágóðanum af vínföngum þeim, er um stund kunna að flytjast til landsins, þannig, að sumpart sje unnið móti hættunni, er af víninu stafar, og svo um búið, að tekjuaukanum, sem vinnslutningnum fylgir, verði ekki varið til daglegrar eyðslu þjóðarþúsins, heldur til varanlegra hluta, en þó með þeim hætti, að ekki þurfi að hindra framgang bannstefnunnar síðar meir.

Fyrstu 20% af árlegum gróða af áfenginu á að verja, samkvæmt sjerstökum fyrirmælum, til áfengisvarna, til bindindisstarfsemi, fræðslu um skaðsemi áfengis, til aukinnar löggæslu viðvikjandi áfengislögbrotum og til að lækna ofdrykkjumenn. Sjóður Eggerts Ólafssonar á að fá 10%. Hlutverk þess sjóðs er að kosta vísindalegar rannsóknir í íslenskri náttúrufræði. Þá eiga 10% að ganga til Þjóðvínafjelsagsins til að standa straum af útgáfu fræði- og skemtibóka. Hefir sú hugmynd, sem dr. Sig. Nordal hreyfði fyrir nokkrum árum um það efni, orðið afarvinsæl, og er núverandi stjórn Þjóðvínafjelsagsins byrjuð á undirbúningi framkvæmda í því efni. Enn er gert ráð fyrir, að 10% gangi til að kaupa íslensk listaverk. Er þess mikil þörf nú sem stendur, þar sem landið á nokkra mjög efnilega listamenn, bæði málara og myndhöggvara, sem vitanlega eiga erfitt með að njóta sín hjá svo lítilli þjóð. Er þess skemst að minnast, að sum af bestu málverkum Ásgríms Jónssonar eru sumpart farin úr landi, sumpart í þann veginn að hverfa í eigu annara þjóða. Verða slik verk jafnan því dýrari sem lengra líður, og er beinlínis fjártjón að eignast ekki strax slikar gersemar. Loks koma alþýðuskólarnir í sveitum. Þeir geta orðið höfnuðvígi þjóðlegrar menningar hjer á landi. Þar vantar ekki nema dálítið af steinhúsum, sem geta enst margar aldir, ef vel eru byggð í fyrstu. Landssjóður hefir borið við fjeleysi, að ekki hefir verið hægt að ljúka við byggingar á Eiðum, koma upp skólum á Suðurlandi og í Þingeyjarsýslu, þar sem mikil samskot hafa verið hafin í þessu augnamiði. Vestanlands eru þrír skólar, sem alla vantar tilfinnanlega betra og meira húsnæði, þ. e. skólarnir á Núpi, Hjarðarholti og Hvítárbakka. Ef unt er að húsa allar þessar stofnanir sæmilega á næstu árum, myndi þjóðin lengi búa að því. Þar að auki er hjer gert ráð fyrir, að styrktar yrðu úr sjóði þessum tvær íþróttastöðvar, önnur í snjóáhjeruðum, þar sem lögð myndi stund á vetraríþróttir, hin við Reykjavík, sundhöll og íþróttahús, sem um er getið í frumvarpi til laga um íþróttasjóð Reykjavíkur.

Með frumvarpi þessu, ef fram næði að ganga, yrði ráðin bót á því óþægilega millibilsástandi, sem leiðir af upplausn bannlaganna. Gróðinn af víninu lendir í varnir móti áfenginu, og annara að mestu í fasteignir til menningarbóta, eignir, sem hafa varanlegt gildi, skólahús, fræðibækur, listaverk, íþróttastöðvar. Ef bannmenn hafa haft á rjettu að standa um skaðsamleg áhrif áfengis á heilsu þjóðarinnar, þá er ekki nóg nú að hamla á móti með bindindi og fortöllum, heldur með því að auka í raun og veru hina andlegu og líkamlegu menningu í landinu.